

**Sigrún Halla Ásgeirsdóttir**

**Upphaf fyrningarfrests: Breytingar sem  
gerðar voru með nýjum lögum um  
fyrningu kröfuréttinda nr. 150/2007**

- BA ritgerð í lögfræði -



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**

**Umsjónarkennari: Heiðar Ásberg Atlason**

**Lagadeild Háskóla Íslands**

**Júní 2009**

## EFNISYFIRLIT

1. Inngangur .....	2
2. Almenn um fyrningu og fyrningarlögin .....	2
3. Gildissvið laga um fyrningu kröfuréttinda nr. 150/2007 .....	4
4. Um upphaf fyrningar .....	6
4.1 Almenn um upphaf fyrningarfrests .....	6
4.2 Meginreglan .....	6
4.3 Sérreglur sem felldar hafa verið úr lögum .....	7
5. Um sérreglur fyrningarlaganna sem lúta að upphafi fyrningar og í gildi eru .....	9
5.1 Kröfur vegna vanefnda, riftunar eða ábyrgðar .....	9
5.1.1. Vanefndir og riftun .....	9
5.1.2 Gallar vegna fasteignakaupa .....	9
5.1.3 Ábyrgð við kaup .....	10
5.2 Kröfur um greiðslur með reglulegu millibili án þess að um afborganir af höfuðstól skuldar sé að ræða, til dæmis eftirlaun .....	10
5.3 Ábyrgðarkröfur .....	11
5.4 Endurkröfur .....	12
5.5 Skaðabótakröfur .....	12
6. Niðurstöður .....	15
Heimildaskrá .....	17
Dómaskrá .....	18

## 1. Inngangur

Þessi ritgerð fjallar um fyrningu kröfuréttinda. Með henni mun ég leitast við að útskýra upphaf fyrningarfrests, það er að segja tímamunkturinn þegar fyrningarfrestur byrjar að líða. Sett hafa verið ný fyrningarlög, lög um fyrningu kröfuréttinda nr. 150/2007 (hér eftir nefnd nýju fyrningarlögin). Ég skoða breytingarnar sem hafa verið gerðar frá eldri lögum á upphafi fyrningarfrests og hversu miklar þær breytingar eru.

Ég byrja á því að fjalla almennt um fyrningu og aðdraganda fyrningarlaganna. Þar á eftir mun ég fjalla um gildissvið nýju laganna. Að því loknu kemur að upphafi fyrningar, bæði reglum sem enn eru í gildi og þeim sem felldar hafa verið úr gildi með nýjum lögum. Að lokum mun ég svara þeirri spurningu minni hvort miklar breytingar hafi verið gerðar á fyrningarlögunum.

## 2. Almennt um fyrningu og fyrningarlögin

Lok kröfuréttinda geta átt sér stað með ýmsum hætti. Með efndum, skuldajöfnuði, vanlýsingu, eftirgjöf eða fyrir fyrningu. Ólafur Lárusson skilgreinir fyrningu með þessum hætti í bók sinni Fyrirlestrar um fyrningu:

Réttindi falla niður eða missa réttarvernd sína að meira eða minna leyti fyrir það að þeirra er ekki neytt um tiltekinn tíma og ekki gerðar aðrar ráðstafanir um þau sem að lögum gætu varnað því að þau fyrnist.<sup>1</sup>

Fyrning er dæmi um það hvernig aðgerðarleysi getur haft áhrif að lögum. Þegar krafa er gjaldkræf, eða þegar kröfuhafi á fyrst rétt til efnda, byrjar fyrningarfrestur að líða. Ef ekkert er að gert og fyrningarfrestur er liðinn hefur krafa fyrnst og kröfuhafi misst af þeim réttindum sem krafan hljóðaði upp á. Ef kröfuhafi aftur á móti gerir ráðstafanir til þess að slíta fyrningunni þá um leið byrjar nýr fyrningarfrestur að líða. Kröfuhafi verður því sjálfur að gera þær ráðstafanir sem þörf er á til þess að krafa hans fyrnist ekki að lögum. Fyrningin er því á hans ábyrgð.

Fyrningarlögin hafa gilt allt frá árinu 1905. Fyrir þann tíma voru dreifð lagaákvæði sem rekja má allt aftur í Jónsbók.<sup>2</sup> Fyrningarlög hafa því fyrir löngu skapað sér sess í íslensku lagaumhverfi. Í greinargerð með nýju fyrningarlögunum eru rökin bak við lögin tíunduð. En rökin eru bæði einstaklingshagsmunir og almannahagsmunir. Almannahagsmunirnir eru þeir

---

<sup>1</sup> Ólafur Lárusson: Fyrirlestrar um fyrningu, bls. 1

<sup>2</sup> Sjá til dæmis Davíð Ólafsson, Már Jónsson og Sigurður Gylfi Magnússon: Jónsbók, bls. 214. Kaupabálkur 8. kapituli um skuld eftir dauðan mann.

að erfitt getur reynst að færa sönnur á gamla kröfu, og vandasamara er fyrir dómstóla að meta réttmæti slíkra krafna. Lögin veita skuldara vernd gegn því að verða dæmdur til að greiða kröfu sem þegar er fallin niður eða greidd. Einnig hvetja lögin kröfuhafa til þess að reka að fullnustu kröfur sínar.<sup>3</sup> Ólafur Lárusson nefnir réttilega að oft megi telja það vanrækslu af hálfu kröfuhafa að hann láti dragast óhæfilega lengi að innheimta kröfu og þá eðlilegt að sú vanræksla geti haft áhrif á rétt hans.<sup>4</sup>

Íslensku fyrningarlögin eiga rætur að rekja til norskra fyrningarlaga. Eldri fyrningarlögin, lög um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda nr. 14/1905 (hér eftir nefnd gömlu fyrningarlögin/eldri lögin), voru samin eftir dönsku lagafrumvarpi frá 1894 sem Danir höfðu samið í samvinnu við Norðmenn. Fyrningarlög komu til skoðunar á löggjafarþinginu 1887. Danska frumvarpið varð reyndar aldrei að lögum þar í landi. Samkvæmt því frumvarpi og íslensku lögunum frá 1896 var almenni fyrningarfresturinn 3 ár og það er einnig gildandi fyrningarfrestur í Noregi og Danmörku. Sá frestur taldist of stuttur miðað við íslenskar aðstæður þegar gömlu fyrningarlögin voru samin árið 1905. Það var einkum vegna þess að málsókn var seinleg. Lögfestur var því 10 ára fyrningarfrestur og svo 4 ára í fjölmörgum kröfuréttarsamböndum. Ekki hefur svo verið hróflað við þessum 4 ára fyrningarfresti enda er hann orðinn rótgróinn í viðskiptum.<sup>5</sup>

Í nýju fyrningarlögunum eru að finna reglur um fyrningu peningakrafna og annarra greiðslna. Þar er að finna reglur um upphaf og lengd fyrningarfrests og lok fyrningar. Þar hafa verið gerðar nokkrar breytingar frá eldri lögum. Almennur fyrningarfrestur varð 4 ár en samkvæmt gömlu fyrningarlögunum hafði hann verið 10 ár.<sup>6</sup> Einnig eru ákvæði um fyrningu á við og dreif í sérlögum. Þau ákvæði héldu áfram gildi sínu eftir tilkomu nýju laganna. Sérákvæði eru til dæmis í lögum um skaðsemisábyrgð nr. 25/1991<sup>7</sup>, í lögum um váttryggingasamninga nr. 30/2004<sup>8</sup> og í umferðarlögum nr. 50/1987<sup>9</sup>. Yfirleitt er um styttri fresti að ræða í sérlögum en samkvæmt almennu lögunum.

Mest áberandi breytingin sem gerð var með nýju fyrningarlögunum var breytingin á lengd almenna fyrningarfrestsins. Í 4. gr. eldri laganna var almenna reglan sú að fyrningarfrestur var

---

<sup>3</sup> Í athugasemdum með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda.

<sup>4</sup> Ólafur Lárusson: Fyrirlestrar um fyrningu, bls. 2

<sup>5</sup> Í athugasemdum með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda.

<sup>6</sup> Flestar reglur laga nr. 14/1905 höfðu þó 4 ára regluna. Með þessari nýju reglu var því í raun verið að lögfesta gildandi meginreglu.

<sup>7</sup> Samkvæmt 14. gr. laga um skaðsemisábyrgð nr. 25/1991 fynast þær kröfur á þremur árum.

<sup>8</sup> Samkvæmt 52. gr. laga um váttryggingasamninga nr. 30/2004 er 4 ára fyrningarfrestur á kröfum um bætur vegna váttryggingasamninga.

<sup>9</sup> Samkvæmt 99. gr. Umferðarlaga nr. 50/1987 fynast allar bótakröfur samkvæmt XIII kafla laganna á fjórum árum frá þeim degi er kröfuhafi fékk vitneskju um kröfu sína og átti þess fyrst kost að leita fullnustu hennar. En þó í síðasta lagi 10 árum frá tjónsatburði.

10 ár. Undir þá reglu féllu kröfur sem ekki féllu undir aðrar reglur laganna. Aftur á móti voru flestar kröfur taldar upp í 2. gr. laganna og voru samkvæmt þeirri grein háðar 4 ára fyrningarfresti, meðal annars kröfur út af sölu eða afhendingu á vörum eða lausafé. Sá fyrningarfrestur gæti því talist hafa í raun verið hin almenna regla eða að minnsta kosti sú mest nýttá. Nokkrar undantekningar vegna krafna hjá fjármálafyrirtækjum voru í 2. gr. og fyrntust þær á 20 árum. Með nýju fyrningarlögum var 4 ára reglan gerð að gildandi meginreglu með 3. gr. laganna.

### **3. Gildissvið laga um fyrningu kröfuréttinda nr. 150/2007**

Lögum er fyrst og fremst ætlað að taka til kröfuréttinda, samkvæmt 1. gr. nýju fyrningarlaga. En þar er minnst á kröfur um peninga eða aðrar greiðslur. Hvað er kröfuréttarlegs eðlis verður að meta í hvert og eitt sinn. Það hvort réttindi eru undirorpin fyrningu ræðst af því hvort réttindin eru kröfuréttarlegs eðlis, en það verður að meta út frá lögum í hverju og einu tilfalli. Samningur um að krafa fyrnist ekki er ógildur samkvæmt 2. mgr. 1. gr.

Gildissvið laganna hefur einnig verið rýmkað út fyrir eiginleg kröfuréttindi. Almenna reglan er sú að eignarréttindi fyrnast ekki. Þó eru sérreglur í lögum sem ber að taka tillit til. Í 27. gr. laganna er fjallað um það að veðréttur og haldsréttur ónýtist ekki þó svo að skuld fyrnist. Tvær undantekningar eru frá þessu í a. og b. lið 27. gr. um kröfu tryggða með lögveði annars vegar og sjálfsvörsluveði fyrir kröfu um vexti eða öðrum kröfum um greiðslu sem falla í gjalddaga með jöfnu millibili og eru ekki afborgun höfuðstóls hins vegar. En þau veð falla niður þegar krafan fyrnist.

Það skiptir ekki máli samkvæmt fyrningarlögum hvernig krafan hefur stofnast. Ákvæði laganna eiga við um kröfur hvort sem þær byggjast á samningi, skaðabótakröfum utan samninga eða kröfum reistum á öðrum lagagrundvelli. Það skiptir heldur ekki máli hvort krafan eigi rót sína að rekja til opinbers réttar eða einkaréttar. Hafa verður þó ávallt í huga að sérlög geta átt við, en sérlög gilda framar almennum lögum samkvæmt almennum lögskýringarreglum. Sérlög halda því gildi sínu, bæði samkvæmt nýju fyrningarlögum og almennum reglum.

Fyrningarlögin gilda ekki um neikvæðar kröfur enda er enginn ákveðinn gjalddagi á slíkum kröfum. Neikvæðar kröfur eru kröfur þess efnis að aðili þoli eitthvað eða láti eitthvað ógert. Það er örðugt að skilgreina upphaf fyrningarfrests á slíkum kröfum. Annað mál er þó

um kröfur sem stofnast við vanefnd neikvæðra krafna, til að mynda skaðabótakröfur. Þá væri um beina fjárkröfu að ræða og myndi hún fynast sem slík, samkvæmt 3. gr. laganna.

Tekið er á lagaskilum gömlu og nýju laganna í 28. gr. þeirra nýju. Þar segir að nýju lögin gildi einungis um kröfur sem stofnað er til eftir 1. janúar 2008. Lögunum á því ekki að beita afturvirk. Um aðrar kröfur, það er að segja þær sem stofnuðust fyrir 1. janúar 2008, gilda eldri lögin. Þrátt fyrir þetta ákvæði laganna voru eldri lögin felld úr gildi við gildistöku nýju laganna sem skýtur skökku við því ekki getur talist eðlilegt að beita lögum sem fallið hafa úr gildi. Þegar eldri lögunum er flett upp á vef Alþingis kemur upp að lögin hafi verið felld úr gildi með nýju lögunum.

Kröfuréttarsamningar snúast í raun um viðvarandi ástand sem getur hafist í tíð eldri laganna með stofnun sammingsins og varið lengi eftir gildistöku nýju laganna. En yngri lögunum ætti ekki að beita þótt samningurinn sé enn virkur. Reglurnar sem í gildi voru þegar stofnað var til sammingsins eða kröfunnar eiga að gilda um réttarsambandið samkvæmt almennum lögskýringarreglum.

EKKI hefur enn reynt á nýju lögin. Ekkert mál hefur heldur ennþá gengið í Hæstarétti vegna héraðsdómsmáls sem stefnt hefur verið til eftir gildistöku nýju fyrningarlaganna. Þar af leiðandi hefur heldur ekki reynt á það í Hæstarétti hvernig leyst yrði úr deilumálum vegna krafna sem eldri lögin ættu að gilda um eftir að þau voru felld úr gildi.

Nýlegt mál Héraðsdóms Reykjavíkur, Hérð. Rvk. 22. janúar 2009 (E-2457/2008) var höfðað með stefnu birtri 19. mars 2008. Málið snerist um verksamning milli G og Þ, umfangi þeirra verkefna sem G vann og því hvaða endurgjald honum bæri að fá. Stefndi, Þ, hélt því meðal annars fram að samkvæmt 1. tölul. 3. gr. og 5. gr. eldri laganna hafi hugsanlegar kröfur G vegna starfa á árinu 2001 fyrnst árið 2005, kröfur vegna starfa árið 2002 fyrnst árið 2006, og kröfur vegna starfa á árinu 2003 fyrnst árið 2007. Um gildissvið eldri laganna segir í dóminum:

*„Lög nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda öðluðust gildi 1. janúar 2008 og samkvæmt 28. gr. þeirra laga gilda þau aðeins um þær kröfur sem stofnast eftir gildistöku laganna. Fyrir liggur og er óumdeilt að stefnandi vann í þágu stefnda frá byrjun janúar 2001 og fram á árið 2003, þótt aðila greini á um hvenær ársins 2003 vinnu hans lauk. Er því ljóst að umdeildar kröfur stefnanda vegna vinnu hans í þágu stefnda stofnuðust fyrir gildistöku hinna nýju fyrningarlaga og gilda því um viðskipti aðila lög nr. 14/1905 um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda.“*

Dómurinn taldi kröfuna hafa verið gjaldkræfa í síðasta lagi þann 2. janúar 2004. Málið var höfðað þann 19. mars og var því 4 ára fyrningarfresturinn liðinn. Stefndi var því sýknaður af

öllum kröfum stefnanda. Í þessu máli var því dæmt eftir eldri fyrningarlögum þrátt fyrir að þau hefðu verið felld úr gildi með nýjum lögum og nýju lögin hefðu tekið gildi.

Annað virðist vera uppi á teningnum í máli Héraðsdóms Austurlands, Hérð. Austurl. 24. nóvember 2008 (Z-1/2008). Þar höfðaði Þ mál gegn D vegna ákvörðunar sýslumanns um nauðungarsölu á eign Þ vegna vangoldinna gjalda.

Um gildissvið eldri fyrningarlaga í þessu máli segir í dóminum:

*„Sóknaraðili hafi ekki farið dómstólaleiðina með álitaefni sitt en skjóti nú máli vegna nauðungarsölu eignarinnar, sem til sé komið vegna álagningar fasteignagjalda ársins 2007, sem ágreiningsmáli fyrir héraðsdóm. Réttur sóknaraðila til endurkröfu fjár eða skuldajafnaðar, séu slíkar forsendur fyrir hendi, sé fjögur ár talið frá þeim tíma þegar greiðsla var innt af hendi, sbr. ákvæði 5. tl. 3. gr. eldri fyrningarlaga nr. 14/1905 sem í gildi hafi verið fram til 1. janúar 2008 og eigi því við í málinu. Sóknaraðili hafi greitt kröfuna í tvennu lagi í júlí og september 2001, en það sé fyrst með bréfi sínu til varnaraðila 27. ágúst 2007 að hann hafi uppi kröfu um skuldajöfnuð. Þá hafi verið liðin sex ár frá því greiðsla hafi átt sér stað. Þegar af þeirri ástæðu sé ljóst að ef sóknaraðili hefði átt endurkröfurétt vegna fasteignagjaldsins eftir septembarmánuð 2001, þá hefði sá réttur verið löngu fyrndur þegar hann hafi loks borið við skuldajöfnuði. Vísa megi einnig í þessu sambandi til 2. mgr. 1. gr. fyrningarlaga nr. 14/1905.*

Orðalag dómsins um að eldri fyrningarlög hafi fallið úr gildi 1. janúar 2008 má skilja þannig að ekki sé mögulegt að dæma mál samkvæmt þeim lögum vegna ágreiningsefna sem rísa eftir þann tíma þrátt fyrir að stofnað hafi verið til kröfu fyrir 1. janúar 2008. Ekki er þó víst hvað dómurinn átti við. Þar sem mjög lítil dómaframkvæmd er um þetta í héraðsdómi er erfitt að draga ályktanir. Hvorugu framangreindra mála var áfrýjað og er óvíst hvernig Hæstiréttur Íslands hefði leyst úr þessum álitsefnum. Tíminn verður að leiða í ljós hvernig dómurinn mun leysa úr lagaskilum nýju og gömlu fyrningarlaganna.

## **4. Um upphaf fyrningar**

### **4.1 Almennt um upphaf fyrningarfrests**

Um upphaf fyrningarfrests er rætt í 2. gr. nýju fyrningarlaganna. Þær reglur gilda hvort sem um er að ræða almennan fyrningarfrest eða fyrningarfresti samkvæmt sérreglum laganna. Þessi regla um upphaf fyrningar gildir einnig um önnur sérlög sem innihalda reglur um fyrningu, enda hafi þau lög ekki sérreglur um upphaf fyrningarfrests.

### **4.2 Meginreglan**

Meginreglan er í 1. mgr. 2. gr. nýju laganna; að fyrningarfrestur reiknast frá þeim degi er kröfuhafi átti í fyrsta lagi rétt til efnda. En þetta er efnislega sama reglan og er að finna í 1.

mgr. 5. gr. eldri fyrningarlaganna. En þar var rætt um upphaf fyrningarfrests þegar krafan væri gjaldkræf sem er eitt og hið sama.

Gjalddagi kröfu er því yfirleitt upphaf fyrningarfrests. Gjalddaga er hægt að leiða af samningi, lögum eða venju og verður að skoðast í samræmi við almennar reglur kröfuréttarins. Oftast liggur þetta mjög skýrt fyrir enda er gjalddagi kröfu oftast fastákveðinn.

Stundum er þó ekki samið um slíkan gjalddaga eða þá að gjalddagi kröfu fari eftir undanfarandi uppsögn kröfuhafa. Miðast þá upphaf frestsins við það tímamark er kröfuhafi gat fyrst átt möguleika á að knýja fram efndir. Í raun og veru ætti gjalddaginn í þessum tilvikum að teljast þegar krafan er sett fram. En ef miðað væri við það hvenær kröfuhafi ákveður að fá kröfuna efnda myndi það leiða til þess að hann réði því hvenær upphaf fyrningarfrestsins er. Það getur ekki talist góð niðurstaða. Þar af leiðandi segir í frumvarpinu til nýju fyrningarlaganna að túlka beri orðalag 2. gr. svo að miða eigi upphaf fyrningarfrests við það tímamark þegar kröfuhafi átti þess fyrst kost að setja fram kröfu um efndir.<sup>10</sup>

Fyrningarreglurnar eru hlutlægar reglur. Ef sú staða kemur upp að menn öðlast rétt til efnda byrjar fyrningarfresturinn að líða. Þá breytir það engu máli hvort hann hafði á því tímamarki tök á að framfylgja kröfu sinni eða vissi um hana. Aftur á móti getur þekkingarskortur og aðrar hindranir leitt til þess að regla 10. gr. frumvarpsins um viðbótarfresti eigi við.<sup>11</sup>

Þegar nýju fyrningarlögin voru sett voru felldar úr gildi nokkrar sérreglur um upphaf fyrningar sem áður höfðu gilt. Ekki þótti þjóna neinum tilgangi að hafa sérstakar reglur um til að mynda kaupgjald hjúa, kröfur milli hjóna og reikningsviðskipti.

### **4.3 Sérreglur sem felldar hafa verið úr lögum**

Eldri fyrningarlögin voru miðuð við aðstæður þess tíma og voru því í þeim lögum reglur sem ekki eiga við í viðskiptum nú á tímum. Með nýju lögnum voru settar almennar reglur um upphaf fyrningar og nokkrar sérreglur numdar úr gildi:

Samkvæmt 1. mgr. 5. gr. eldri fyrningarlaganna taldist gjalddagi verslunarskulda ekki fyrr en um áramót. Einnig var regla í 1. tölul. 3. gr. laganna um reikningsviðskipti. Þessar reglur hafa verið numdar úr gildi og fer nú um gjalddaga og þar með upphaf fyrningarfrests samkvæmt almennum reglum.

---

<sup>10</sup> Í athugasemdum með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda.

<sup>11</sup> Í athugasemdum með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda.



Einnig var sérregla um dómkröfur í 1. mgr. 5. gr. eldri laganna. Fyrningarfrestur dómkröfu skyldi teljast frá dómsuppsögn. Þetta átti rætur sínar að rekja til eldri einkamálalaga og hefur þessi sérregla því verið numin úr gildi.

Sérreglur voru um kröfur vegna kaupgjalds hjúa í 1. tölul. 3. gr. laganna. Þessar reglur hafa litla sem enga raunhæfa þýðingu í dag. Nú gilda sömu reglur um hjú og gilda í almennum vinnuréttarsamböndum.

Sérstakt ákvæði var í 1. tölul. 8. gr. eldri laga um kröfuréttindi hjóna. Samkvæmt því ákvæði fyrnast kröfur milli hjóna ekki fyrr en fjögur ár eru liðin frá því hjónabandi var slitið. Þegar nýju lögini voru sett þótti ekki ástæða til þess að kröfur hjóna hefðu lengri fyrningarfrest en aðrar kröfur. Í ljósi þess að ekki voru nein rök fyrir þessu ákvæði í frumvarpi með eldri lögnum var þessi regla því numin úr gildi.<sup>12</sup>

Samkvæmt 1. mgr. 5. gr. eldri laga fyrntust kröfur um endurgjald af fengnum sveitarstyrk ekki. Mikil breyting hefur orðið á fjárhagsaðstoð sveitafélaga frá því að eldri lögini voru sett. Þegar slík aðstoð er endurkræf þótti ekki séð við samningu nýju laganna að rök stæðu til þess að undanþiggja þessar kröfur fyrningu og var reglan því numin úr gildi.<sup>13</sup> Gildissvið ákvæðisins hafði einnig verið túlkað þröngt í réttarframkvæmd eldri laganna, sbr. Hrd. 1999, bls. 3079 (254/1999). Þar taldi I sig eiga kröfu á hendur S vegna meðlagsgreiðslna Tryggingarstofnunar ríkisins til barns S. Hæstiréttur taldi að ekki væri um kröfu til endurgreiðslu af fengnum sveitarstyrk að ræða samkvæmt 5. mgr. 1. gr. eldri fyrningarlaga. Krafan var fallin niður fyrir fyrningu samkvæmt 3. tölul. 3. gr. laganna, þar sem meira en 4 ár voru liðin.

Einnig var afnumin regla 18. gr. eldri fyrningarlaga um peninga- og bankaseðla en þeir voru ekki háðir fyrningu. Peningaseðlar eru ekki lengur innleystir í gulli eins og gert var til ársins 1916. Nú hafa þeir sjálfstætt gildi og reynir því ekki á innlausn þeirra. Peningaseðlar eru ekki kröfuréttarskjöl í hefðbundnum skilningi og eru því ekki háðir fyrningarreglum, jafnvel þó það sé ekki tekið fram í lögnum.<sup>14</sup>

---

<sup>12</sup> Í athugasemdum með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda.

<sup>13</sup> Í athugasemdum með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda.

<sup>14</sup> Í athugasemdum með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda.

## **5. Um sérreglur fyrningarlagna sem lúta að upphafi fyrningar og í gildi eru**

### **5.1 Kröfur vegna vanefnda, riftunar eða ábyrgðar**

Nokkrum sérreglum hefur verið bætt við lögin að því er varðar vanefndir, riftun og ábyrgðaryfirlýsingar.

#### *5.1.1. Vanefndir og riftun*

Í 2. mgr. 2. gr. er fjallað um kröfur vegna vanefndar. Samkvæmt þeirri grein miðast upphaf fyrningarfrest við það þegar vanefnd hefst. Allar kröfur sem lúta að vanefndum falla þar undir, til dæmis afhendingardráttur eða galli. Oftast liggur vanefnd fyrir þegar greiðsla á sér stað. Í einstaka tilfellum getur þó vanefnd orðið til seinna og miðast upphaf fyrningar þá við það tímamark er vanefndin verður til. Hér skiptir ekki máli hvort kröfuhafi hafði vitneskju um vanefndina.<sup>15</sup>

Aðstaðan þegar samið er um gjalddaga og áskilinn réttur til uppsagnar án þess að vanefnd skuldara komi til er sú að upphaf fyrningarfrests miðast við það tímamark þegar kröfuhafi gat fyrst sagt upp kröfunni, óháð því hvenær gjalddaginn er. Þá er jafnvel mögulegt að fyrningarfresturinn byrji að líða við stofnun kröfu.<sup>16</sup> Þetta er óbreytt regla frá eldri lögum varðandi upphaf fyrningarfrestsins, samanber 2. mgr. 5. gr. gömlu laganna.

Nýrri sérreglu var komið að með 3. mgr. 2. gr. nýju laganna. Þar er fjallað um aðstöðuna þegar samningur er riftanlegur vegna vanefnda skuldara. Kröfuhafi getur haft rétt til þess að rifta samningi samkvæmt samningsákvæðum eða lögum. Hann þarf þá að sýna það í verki að hann vilji beita þessum riftunarrétti sínum til þess að fyrningarfrestur hefjist. Fyrningarfrestur byrjar þá ekki að líða fyrir en kröfuhafi tilkynnir skuldara um að hann hyggist nýta sér þennan rétt eða í síðasta lagi miðað við umsaminn gjalddaga. Hins vegar ef óbundin almenn heimild til uppsagnar eða gjaldfellingar er í samningi þá myndi þessi grein ekki gilda heldur 1. mgr. 2. gr., sem sagt þegar kröfuhafi gat fyrst átt rétt til efnda.<sup>17</sup>

#### *5.1.2 Gallar vegna fasteignakaupa*

Eins og áður segir falla kröfur vegna hvers konar vanefnda undir 2. mgr. 2. gr. nýju fyrningarlagna, þar á meðal kröfur sem rísa vegna galla á fasteign.

Þegar um er að ræða slík mál miðast upphafstími fyrningar venjulega við afhendingu fasteignar þar sem vanefnd telst venjulega hefjast á þeim tímapunkti. Flestir gallar myndu

<sup>15</sup> Í athugasemdum með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda.

<sup>16</sup> Í athugasemdum með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda.

<sup>17</sup> Í athugasemdum með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda.

koma upp innan fyrstu fjögurra áranna. Þegar um galla í fasteignum er að ræða geta komið upp erfið tilvik þar sem ekki er strax ljóst að um galla er að ræða. Þegar um er að ræða leyndan galla getur verið að notast þurfi við 1. mgr. 10. gr. nýju laganna. Leyndur galli er galli sem hvorki seljandi né kaupandi vissu af við kaupin. Viðbótarfrestir koma til greina samkvæmt 10. gr. laganna í ákveðnum tilvikum. Til að mynda þegar kröfuhafa skortir vitneskju um kröfuna. Samkvæmt 1. mgr. 10. gr. myndi kröfuhafi þá fá eins árs viðbótarfrest frá þeim tíma sem hann fékk eða bar að afla sér vitneskju um kröfuna eða skuldarann.

Samkvæmt eldri fyrningarlögum höfðu kröfur vegna galla á fasteignum 10 ára fyrningarfrest eða hinn almenna frest samkvæmt eldri lögum og er því um töluverða breytingu á lengd frestsins að ræða. Aftur á móti er ekki breyting á upphafstíma fyrningarinnar.

### *5.1.3 Ábyrgð við kaup*

Önnur ný sérregla er í 4. mgr. 2. gr. nýju laganna sem gildir þegar veitt er ábyrgð við kaup á vöru eða þjónustu. Þessi regla á einungis við ef ábyrgðaryfirlýsingin veitir meiri rétt en kaupandinn ætti að öðrum kosti. Byrjar þá fyrningarfresturinn að líða frá og með þeim degi er kaupandi hefur tilkynnt að hann ætli sér að byggja rétt á ábyrgðinni eða í síðasta lagi þann dag sem ábyrgðin rennur út. Umrædd ábyrgð getur hvort sem er verið veitt af endanlegum seljanda, framleiðanda eða fyrri söluaðila og getur hvort sem er miðast við ákveðið tímabil eða annað viðmið.<sup>18</sup>

## **5.2 Kröfur um greiðslur með reglulegu millibili án þess að um afborganir af höfuðstól skuldar sé að ræða, til dæmis eftirlaun**

Um þessar greiðslur gildir sambærileg regla og í eldri lögum í 2. tölul. 2. gr., sbr. 4. mgr. 5. gr. Um er að ræða sjálfan réttinn til að krefja áframhaldandi greiðslna en ekki réttinum til að krefja hvernar einstakrar greiðslu. Hér er þó um styttingu fyrningarfrests að ræða en hann var 20 ár samkvæmt eldri lögum en er nú tíu ár frá þeim degi er síðasta greiðsla er innt af hendi, eða frá þeim degi er hin fyrsta greiðsla féll í gjalddaga, samanber 6. gr. nýju laganna.

Eldri lögin sögðu ekki til um það hvort fyrningarfresturinn rofnaði við það að einstaka greiðslur yrðu inntar af hendi. Sambærilegt ákvæði og það íslenska var í norsku fyrningarlögunum og var það umdeilt. Með nýju lögunum er því slegið föstu að greiðsla slíti fyrningu.

---

<sup>18</sup> Í athugasemdum með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda.

Í frumvarpinu með nýju lögnum segir að ákvæðið taki til greiðslna sem eru „umsamdar eða ákveðnar, hvort sem um er að ræða einkaréttarlegan samning, dóm eða stjórnvaldsúrskurð“ til dæmis réttur til lífeyris og meðlags.<sup>19</sup>

Hver einstök greiðsla fyrnist eftir ákvæðum 3. gr. laganna og er það sama regla og í 2. tölul. 3. gr. eldri laga.

### 5.3 Ábyrgðarkröfur

Samkvæmt eldri lögum voru flóknar sérreglur um ábyrgðarkröfur. Með nýju lögnum er búið að einfalda reglurnar. Í 7. gr. nýju laganna er fjallað um sjálfstæða fyrningu ábyrgðarkröfu, en í 2. mgr. 25. gr. er fjallað um fyrningu ábyrgðarkröfu samhliða fyrningu aðalkröfu.

Hér undir falla allar tegundir ábyrgðar. Einnig falla undir þau tilvik er krafa er framseld skaðlausu framsali. Skaðlaust framsal er þegar framseljandi kröfu ábyrgist greiðslu kröfunnar.

Samkvæmt 3. tölul. 4. gr. eldri laga var fyrningarfrestur ábyrgðarkrafna 4 ár óháð fyrningu aðalkröfu. Sú staða gat komið upp áður fyrir að hefja þurfti innheimtuaðgerðir gagnvart ábyrgðarmanni löngu áður en aðalkrafan var fyrnd. Þetta þóttu of miklar álögur á ábyrgðarmenn og ákveðið var að breyta þessu með nýju lögnum.

Í 2. mgr. 5. gr. eldri laganna voru sérreglur varðandi ábyrgð á kröfum sem fyrntust á 10 eða 20 árum vegna uppsagnar kröfuhafa. Ef gjalddagi þessara krafna fór eftir uppsögn kröfuhafa byrjaði fyrningarfrestur að líða þegar uppsögn hafði í raun og veru farið fram. Ábyrgðarkrafan fyrntist eftir sömu reglum og aðalkrafan, á 10 eða 20 árum, frá þeim degi er hún hefði fyrst getað orðið gjaldkræf vegna uppsagnar á aðalkröfunni. Þessi sérregla er nú ekki lengur til staðar.

Samkvæmt 7. gr. nýju laganna er upphaf fyrningarfrests nú ákveðið eftir sömu reglum og gilda um aðalkröfuna og engar sérreglur eru á þessu. Fyrningarfrestur ábyrgðarkrafna hefst því þegar aðalskuldin er vanefnd eða frá gjalddaga aðalkröfunnar.

Samkvæmt 2. mgr. 25. gr. nýju laganna fyrnist ábyrgðarskuldbindingin samtímis aðalkröfu ef kröfuhafi hefur ekki látið reyna á ábyrgðina áður. Þetta ákvæði tryggir það að ábyrgðarskuldbinding geti ekki lifað lengur en aðalkrafan heldur falli hún niður á sama tíma og aðalkrafan. Þetta er í samræmi við óskráðar reglur um ábyrgðir en samkvæmt þeim fellur ábyrgð niður við fyrningu aðalkröfu.

---

<sup>19</sup> Í athugasemdum með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda.

## 5.4 Endurkröfur

Ákvæði 8. gr. nýju laganna tekur til svokallaðra endurkrafna (regres). Það er þegar fleiri skuldarar en einn bera ábyrgð gagnvart kröfuhafa og einn þeirra greiðir kröfuna áður en fyrningarfrestur rennur út gagnvart honum. Það er til dæmis endurkrafa þegar samskuldarar bera sameiginlega ábyrgð gagnvart kröfuhafa og einn þeirra greiðir kröfuna. Þá á hann endurkröfu á hendur meðskuldara sinna. Það er einnig endurkrafa þegar ábyrgðarmaður greiðir kröfu og á þá endurkröfu á hendur aðalskuldara. Fyrningarfresturinn á þessum kröfum eru 4 ár með nýju lögnum sbr. 8. gr. laganna en hann var einnig 4 ár með þeim eldri, samanber 2. másl. 4. tölul. 3. gr. eldri laganna.

Sá sem greiðir kröfu nýtur þó þess frests sem á við um aðalkröfuna. Þetta þýðir að fresturinn er alltaf fjögur ár, en ef aðalkrafan hefur lengri frests nýtur greiðandinn góðs af því.

Undir þessa grein falla hvers konar endurkröfur sama hvernig þær stofnast, svo sem út frá löggerningi, lögum eða skaðabótaskyldu. Það skiptir heldur ekki máli hvort um er að ræða endurkröfu að fullu eða að hluta.

Ekki var tekið fram í gömlu fyrningarlögnum hver upphafstími fyrningar væri í þessu tilfalli. Dómaframkvæmd hafði þó myndast um það að miða ætti við það hvenær krafa væri innleyst. Þessi regla hefur nú verið tekin upp í 8. gr. nýju laganna, sem er að endurkrafa fyrnist fjórum árum eftir að hún er innleyst.

Nefna má tvo dóma í dæmaskyni sem gengu fyrir gildistöku nýju laganna, Hrd. 1978, bls. 1106 (67/1976) og Hrd. 2001, bls. 303 (270/2000):

Málavextir í Hrd. 1978, bls. 1106 (67/1976) voru þeir að X hafði verið í ábyrgð á skuldabréfi. En bréfið hvíldi á skipi sem hann seldi örðum manni. Kaupandinn, Z, tók að sér greiðslu bréfanna. Hann greiddi svo ekki og fór svo að ábyrgðarmaðurinn, X, borgaði skuldina árið 1971. Hann krafði Z svo um þessa fjárhæð. Í Hæstarétti var gjalddagi endurkröfunnar miðaður við það tímamark sem X borgaði skuldina, en það var 3. maí 1971. Þá byrjaði fyrningarfresturinn að líða.

Í Hrd. 2001, bls. 303 (270/2000) hafði V gefið út víxil í greiðaskyni við E. Fyrst var helmingur kröfunnar greiddur. Var því talið að með því að greiða helming kröfunnar hefði V öðlast endurgjaldskröfu á hendur E sem þeirri greiðslu nam. Fyrningarfrestur þeirrar endurgjaldskröfu var ekki talinn hafa hafist fyrr en á þeim degi er greiðslan var innt af hendi.

## 5.5 Skaðabótakröfur

Reglunum um skaðabótakröfur hefur verið breytt töluvert með nýjum lögum. Í 9. gr. nýju laganna er fjallað um skaðabótakröfur utan samninga en ekki um kröfur innan samninga,

nema kröfur fyrir líkamstjón. Viðar Már Matthíasson skilgreinir skaðabótakröfur innan og utan samninga með þeim hætti að í kröfurétti sé fjallað um skaðabætur innan samninga. Þar sé um að ræða umfjöllun um rétt til skaðabóta vegna vanefnda á samningi.<sup>20</sup> Um skaðabætur utan samninga segir hann í bók sinni Skaðabótaréttur:

Í skaðabótarétti er á hinn bóginn fjallað um reglurnar um skaðabætur, sem ekki eiga rót sína að rekja til vanefnda á samningi. Oftast er um að ræða tilvik þar sem ekkert réttarsamband er milli aðiljanna, heldur stofnast það fyrst við hina skaðabótaskyldu háttsemi.

Skaðabótakröfur innan samninga fýrnast eftir almennum reglum. Þær fýrnast samkvæmt 2. og 3. gr. nýju laganna, fjórum árum frá gjalddaga. Kröfur um skaðabætur utan samninga fýrnast einnig á fjórum árum. Einnig segir í greininni að kröfur um bætur fyrir líkamstjón og ófjárhagslegt tjón fýrnist þó á tíu árum, bæði innan og utan samninga. Samkvæmt eldri lögum fór fýrning skaðabótakrafna einnig eftir almennum reglum og var því 10 ár, sbr. 2. tölul. 4. gr. eldri laganna. Stór breyting hefur því verið gerð hér á fýrningarfrestinum, frá 10 árum og niður í 4 ár. Upphaf frestsins var samkvæmt 1. mgr. 5. gr. eldri laganna þegar krafa varð gjaldkræf. Í þessu tilfelli myndi það yfirleitt vera þegar tjónsatvik á sér stað. En það var þó ekki alltaf þannig því umfang tjónsins varð ekki alltaf ljóst fyrr en síðar. Í þeim tilvikum var upphafstíminn talinn frá því tímamarki að tjónið kom fram.<sup>21</sup> Sem dæmi má nefna Hrd. 1975, bls. 1105 (146/1974) en þar varð tjónið ekki allt staðreynt um leið og tjónsatburður átti sér stað. Þó var fýrningu ekki haldið fram í málinu.

Upphafi fýrningarfrests hefur verið breytt með nýju lögnum. Við skaðabótakröfur utan samninga og krafna um bætur fyrir líkamstjón, bæði innan og utan samninga, er miðað við þann dag þegar tjónþoli fékk nauðsynlegar upplýsingar um tjónið og þann sem ábyrgur var fyrir því, eða þegar honum bar að afla sér slíkra upplýsinga. Skilyrðið byggist því á þessum tveimur þáttum; að tjónþoli hafi bæði aflað sér upplýsinga um tjónið og tjónvaldinn. Það er þegar bæði þessi skilyrði eru uppfyllt sem fýrningarfresturinn byrjar að líða. Hér byrjar fýrningarfresturinn því seinna að líða en samkvæmt eldri lögum sem miðuðu við það þegar krafa yrði gjaldkræf. Talsmaður neytenda taldi þessa breytingu á ákvæðinu til þess fallna að auka réttaróvissu þar sem réttindin miðist við svo matskennd atriði. Hann taldi einnig ekki heppilegt að breyta svo rótgróinni reglu um 10 ára fýrningarfrest niður í 4 ár og taldi þá breytingu ekki nægilega rökstudda í frumvarpinu.<sup>22</sup>

<sup>20</sup> Skaðabótaréttur: Viðar Már Matthíasson, bls. 45

<sup>21</sup> Skaðabótaréttur: Viðar Már Matthíasson, bls. 713

<sup>22</sup> Gísli Tryggvason: „Frumvarp til laga um fýrningu kröfuréttinda, heildarlög (67. mál)“, <http://www.talsmadur.is>

Fyrningarfresturinn samkvæmt nýju lögnum byrjar alltaf að líða í síðasta lagi 20 árum eftir tjónsatburð, sbr. 2. mgr. 9. gr. Á þessu gilda þó nokkrar undantekningar um líkamstjón og koma þær fram í tveimur staflaðum í 2. mgr. 9. gr. Tuttugu ára reglan gildir ekki í þeim tilvikum þegar tjónið hefur orðið í atvinnustarfsemi eða starfsemi sem jafna má við hana. En Alþýðusamband Íslands lýsti einmitt yfir áhyggjum sínum á því að fyrningartími vegna skaðabótakrafna eftir vinnuslys og þessháttar yrði stytur og taldi það myndu gefa óþarfa tilefni til deilna um fyrningu.<sup>23</sup> Tuttugu ára reglan gildir heldur ekki á meðan tjónþoli er undir 18 ára aldri. Gert er ráð fyrir því að tuttugu ára fyrningarfresturinn byrji ekki að líða fyrr en tjónþoli nær 20 ára aldri. Rökin að baki þessari reglu eru þau að gefa verður tjónþola svigrúm til þess að átta sig á tjóninu. Erfitt getur verið að staðreyna tjón á börnum fyrr en þau hafa náð fullorðinsaldri.<sup>24</sup>

Sambærileg ákvæði eru í norskum, finnskum og sænskum lögum. Framkvæmdin í Noregi á sambærilegu ákvæði 9. gr. íslensku fyrningarlaganna hefur verið sú að fyrningarfresturinn byrji að líða þegar tjónþoli fékk eða bar að aflu sér nauðsynlegra upplýsinga um tjónið sjálft og þann sem ábyrgð bar á því. Þá fyrst hefur verið talinn grundvöllur fyrir hann til að setja fram kröfu sína um bætur. Tjónþoli getur ekki setið aðgerðalaus eða borið við vanþekkingu sinni á réttarstöðu sinni. Upphafstími þessa ákvæðis er þess vegna nokkuð matskenndur.<sup>25</sup>

Í sérlögum má þó finna reglur um styttri fyrningartíma. Í 99. gr. umferðarlaga, nr. 55/1987 er miðað við 4 ára fyrningarfrest á kröfum sem þar falla undir og miðast upphaf frestsins við lok þess almanaksárs sem kröfuhafi fékk vitneskju um kröfu sína og átti þess fyrst kost að leita fullnustu hennar. Þessar kröfur fyrnast í síðasta lagi 10 árum frá tjónsatburði. Samkvæmt 1. mgr. 14. gr. laga um skaðsemisábyrgð, nr. 25/1991 fyrnast kröfur fyrir bætur um skaðsemistjón á þremur árum frá þeim degi er tjónþoli fékk eða mátti fá vitneskju um tjón sitt, ágalla vörunnar og nafn og dvalarstað framleiðanda þess sem í hlut á. Þessi grein tekur einnig til krafna um bætur vegna skaðlegra eiginleika söluhlutar sem ekki eru reistar á lögnum heldur á almennum reglum um skaðabætur innan eða utan samninga.<sup>26</sup> Um þetta segir Viðar Már:

„Þótt í þessu orðalagi felist, að gildissvið fyrningarreglna 14. gr. sé mun víðtækara en annarra ákvæða laganna og það kunni að skarast á við ákvæði almennra reglna um fyrningu, hefur verið talið, að skýra beri greinina samkvæmt orðanna hljóðan.“<sup>27</sup>

<sup>23</sup> Magnús M. Norðdahl: „Frumvarp til laga um fyrningu kröfuréttinda“, <http://www.asi.is>

<sup>24</sup> Í athugasemdum með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda.

<sup>25</sup> Í athugasemdum með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda.

<sup>26</sup> Skaðabótaréttur: Viðar Már Matthíasson, bls. 528

<sup>27</sup> Skaðabótaréttur: Viðar Már Matthíasson, bls. 528

Það er mikilvægt að samræmi sé í reglum okkar og annarra nágrannaþjóða og þess vegna er talið eðlilegt að fyrningarregla laga um skaðsemisábyrgð sé á þennan hátt.

## 6. Niðurstöður

Gerð hefur verið eins konar tiltekt með setningu nýju fyrningarlaganna. Eldri lögín voru orðin torskilin og flókin og með tilkomu nýju laganna hefur sviðið verið gert einfaldara. Þess vegna má segja að gerð hafi verið þörf tiltekt á lögnum.

Betur hefði mátt vanda til uppsetningu gildistökuákvæðisins og niðurfellingarákvæðisins í nýju lögnum. Ekki er skynsamlegt að beita nýju lögnum afturvirktt um kröfur sem stofnað var til fyrir gildistöku þeirra. Jafnframt ætti að vera ómögulegt að beita lögum sem felld hafa verið úr gildi. Betra hefði líklega verið að leyfa eldri lögnum að halda gildi sínu vegna krafna sem stofnað var til fyrir gildistöku nýju laganna. Það viðurkennist þó að það yrði erfiðara og flóknara í framkvæmd.

Eins og áður segir hafði 4 ára fyrningarreglan í raun gilt um nánast allar samningstegundir. Nú er búið að lögfesta hana sem gildandi meginreglu. Þetta er ein mikilvægasta breyting laganna.

Nokkrar afgerandi breytingar hafa verið gerðar á lengd fyrningarfrestsins eins og til dæmis breyting á reglum um galla í fasteignakaupum og um skaðabótakröfur sem áður voru 10 ár en eru nú 4 ár. Þrátt fyrir þessar breytingar á lengd fyrningarfrestsins hafa ekki verið gerðar eins miklar breytingar á upphafi hans enda ekki þótt ástæða til.

Nokkrar sérreglur voru felldar úr gildi. Sumar þeirra voru beinlínis úreltar sem dæmi eru sérreglur um kröfur vegna kaupgjalds hjúa og um peninga- og bankaseðla. Aftur á móti voru aðrar reglur numdar úr gildi til hagræðingar, til dæmis sérreglur um gjalddaga verslunarskulda og um reikningsviðskipti. Telja verður þessar breytingar þarfar vegna breyttra tíma.

Meginreglan um upphaf fyrningarfrests hefur ekkert breyst þó svo að orðalagið hafi gert það. Upphafið miðast því við það þegar kröfuhafi á fyrst rétt til efnda sem yfirleitt er á gjalddaga kröfu.

Lögfest var gildandi regla um upphaf fyrningar á endurkröfum. Nú er upphaf fyrningar á þessum kröfum miðað við það þegar krafan er innleyst. Þessa reglu vantaði í lögín en hafði verið notuð í framkvæmd.

Hagræðing hefur verið gerð á lögnum með setningu nokkurra sérreglna. Mesta breytingin um upphaf fyrningarfrestsins var breytingin sem gerð var með setningu sérreglna



um skaðabótakröfur. Um þær hafði meginreglan áður gilt, að miða ætti upphaf fyrningar við það þegar krafa væri gjaldkræf. Nú miðast upphafið við þessi tvö skilyrði sem minnst er á í 1. mgr. 9. gr. og þurfa að vera uppfyllt. Frumvarpshöfundar töldu þessa breytingu mun sanngjarnari fyrir tjónþola. Þó má geta þess sem áður var minnst á að slíkar reglur hafa lengi verið í gildi í sérlögum. Ég tel þessa breytingu óneitanlega gera reglurnar um fyrningu skaðabótakrafna mun skýrari en áður, jafnvel þó svo að reglan byggist á matskenndum atriðum.

Telja verður breytinguna og einföldunina á reglum um fyrningu ábyrgðarkrafna góða. Nauðsynlegt er að ábyrgðarkröfur fyrnist á sama tíma og aðalkrafan en geti ekki lifað lengur en aðalkrafan.

Eldri lögín voru komin til ára sinna og því var kominn tími til þess að endurskoða þau. Þrátt fyrir það hefur löggjöfin okkar um fyrningu staðist vel tímans tönn og því var ekki mikilla breytinga þörf. Í heildina litið hafa reglur um upphafstíma fyrningar því lítið breytst. Þær breytingar sem gerðar voru tel ég að hafi verið þarfar og vel að þeim staðið. En að sjálfsögðu mun einungis tíminn leiða það í ljós hversu vel nýju lögín eiga eftir að reynast.

## HEIMILDASKRÁ

*Alþingistíðindi.*

Davíð Ólafsson, Már Jónsson og Sigurður Gylfi Magnússon: *Jónsbók*. Reykjavík 2004.

Gísli Tryggvason: „*Frumvarp til laga um fyrningu kröfuréttinda, heildarlög (67. mál)*“, <http://www.talsmadur.is> (skoðað 2. apríl 2009).

Magnús M. Norðdahl: „*Frumvarp til laga um fyrningu kröfuréttinda*“, <http://www.asi.is> (skoðað 2. apríl 2009)

Ólafur Lárusson: *Fyrirlestrar um fyrningu*. Reykjavík.

Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*. Reykjavík 2005.

## DÓMASKRÁ

Dómar Hæstaréttar:

*Hrd. 1999, bls. 3079 (254/1999)*

*Hrd. 1978, bls. 1106 (67/1976)*

*Hrd. 2001, bls. 303 (270/2000)*

*Hrd. 1975, bls. 1105 (146/1974)*

Dómar héraðsdóms:

*Hérd. Rvk. 22. janúar 2009 (E-2457/2008)*

*Hérd. Austurl. 24. nóvember 2008 (Z-1/2008)*